

Viðauki 3 - Ríki Vatnajökuls

Sveitarfélagið [Hornafjörður](#) er víðáttumikið sveitarfélag sem nær yfir 260 km strandlengju, frá Skeiðarársandi í vestri að Hvalnesi í austri. Íbúar svæðisins eru 2.547 talsins árið 2023. Þar af búa 1.808 á Höfn sem er eina þéttbýli sveitarfélagsins. Einnig er blómlegt líf í sveitunum og með auknum atvinnutækifærum fer íbúum þar hratt fjölgandi. Má það að miklu leyti rekja til uppbyggingar í ferðaþjónustu sem hefur blómstrað undanfarin ár. Vatnajökulspjóðgarður, sem er á heimsminjaskrá UNESCO, nær yfir um 60% af sveitarfélaginu, enda er svæðið stórbrotið. Voldug íshellan, töfrandi jökullónin og magnaðir íshellar laða til sín sífellt fleiri ferðamenn, auk þess sem andstæðurnar í náttúrunni gera svæðið enn tilkomumeira. Má í því samhengi t.d. nefna Skaftafell í Öræfum, Jökulsárlón í Suðursveit og Lónsöræfi í Lóni. Til sveita er stundaður fjölbreyttur landbúnaður en Höfn byggðist fyrst og fremst upp vegna öflugs sjávarútvegs. Bærinn er þekktur fyrir fjölbreytt sjávarfang og annan dýrindis mat úr héraði. Upplagt er að kíkja á Húmarhátíð, sem haldin er ár hvert að sumri til.




Útsýnið frá Höfn í Hornafirði er draumi líkast, þar sem bæði fjallahringurinn í austri og Vatnajökull í suðri blasa við. Líkt og í sveitunum er ferðapjónusta sívaxandi á Höfn og státar bærin af stórkostlegum veitingastöðum, auk þess sem fjölbreytt afþreying og gisting er í sveitarfélaginu. Mælt er með heimsókn í Svavarsafn, gönguferð eftir Stjörnustígnum meðfram ströndinni, frísbíggolfi í Hrossabithaga og sundferð. Mikið fuglalíf er á svæðinu og hafa margskonar farandfuglar það viðkomu. Einnig er Suðausturland er einn fárra staða á Íslandi þar sem hægt er að freista þess að sjá hreindýr á vappi. Fjölbreyttar göngu- og hjólaleiðir eru í boði á svæðinu, þar á meðal góðar láglendisleiðir auk krefjandi gönguleiða á nokkra af hæstu tindum landsins. Unnið er að uppbyggingu nýs áfangastaðar við Leiðarhöfða á Höfn, á grunni hönnunarsamkeppni en verkefnið hefur hlotið styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Menningarlíf Hornafjarðar er metnaðarfullt og eru gestir hvattir til að kynna sér það sem í boði er hverju sinni. Einnig er mælt með að heimsækja Gömlubúð sem er staðsett á bryggjunni við komuna til Hafnar, en þar hefur verið rekin gestastofa og upplýsingamiðstöð.




Virðiskeðjan og töluleg gögn



VIRÐISKEÐJA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR – RÍKI VATNAJÖKULS

Því stærri hluti af virðiskeðjunni er framleiddur/unnin á svæðinu - Meira virði er skilið eftir á svæðinu fyrir samfélagið þar.

GRUNN-
STARFSEMI
BEIN ÁHRIF



VIRÐI SEM VERÐUR TIL Á SVÆÐINU

STARFSEMI SEM STYÐUR VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU

INNVIÐI SUÐURLANDS ER STYÐJA VIÐ
FERÐAÞJÓNUSTUNA OG SAMFÉLAGIÐ
ÖBENI ÁHRIF

| SVEITARFÉLÖG | MARKAÐSSTOFA SUÐURLAND | MENNTUN | SAMSKIPTI | HEILBRIGÐI OG ÖRYGGI | SAMGÖNGUR | SAMTÖK OG OPINBERAR STOFNANIR |
|---|--|-------------------------------------|---------------------------------|--|---------------------------|--|
| FERÐAMÁLAFULLTRÚAR | SAMRÆMT MARKAÐSSTARF | HÁSKÓLAFÉLÖG / ÞEKKINGARSETUR | FRÉTTAMIÐLAR OG AÐRIR MIÐLAR | LÖGREGLAN, HSU, SLÖKKVILID OG BJÖRGUNARSVEITIR | VEGAKERFI | FERÐAMÁLASAMTÖK, KLASAR OG ÖNNUR HAGSMUNASAMTÖK |
| SKIPULAG OG UPPBYGGING | ÁFANGASTAÐAÆTLUN | FRÆDSLUMIÐSTÖÐVAR | SÍMAFYRIRTÆKI | UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐVAR / GESTASTOFUR | ALMENNINGSSAMGÖNGUR | SASS |
| UMHVERFISMÁL | TENGING VIÐ MISMUNANDI HAGSMUNAÐILA | FRAMHALDSKÓLAR | LJÓSLÉIÐARI | LÝÐHEILSA / HEILSUEFLANDI SAMFÉLÖG | FLUG- OG FERJUSAMGÖNGUR | VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR, UMHVERFISSTOFNUN |
| UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐVAR/ SKILTI / MARKERINGAR | HAGSMUNAGÆSLA | AÐRIR RÁÐGLAFAR OG FRÆDSLUAÐILAR | 4G/5G | SAFETRAVEL, RAUBI KROSSINN OG AÐRIR VIÐBRAGÐSADILAR | BENSIN- OG HLEÐSLUSTÖÐVAR | MINIÁSTOFNUN OG SKÓGRÆKTIN |




Markaðsstofa
Suðurlands

SVÓT greining

Styrkleikar Ríki Vatnajökuls

Samkvæmt gögnum úr samráðsferli áfangastaðaáætlunarinnar felst helsti styrkleiki svæðisins í fjölbreyttri og magnaðri náttúru þess. Vatnajökulspjóðgarður skipar sterkan sess við mótun áfangastaðarins og hafa ferðapjónustuaðilar verið ötullir við uppbygginu á metnaðarfullri, náttúrutengdri afþreyingu. Hefur sú þróun laðað til sín ferðamenn til lengri og skemmri tíma, allt árið um kring. Einnig styrkir það áfangastaðinn hversu hátt þjónustustig er á svæðinu, fjölbreytt úrval í afþreyingu, gistingu, mat og drykk. Samtakamáttur í markaðssetningu er annað sem hefur vakið athygli og styrkir svæðið sem áfangastað ferðamanna enn frekar.



Orðaský yfir styrkleika Ríki Vatnajökuls samkvæmt svörum þátttakenda í opnum fundi um uppfærslu Áfangastaðaáætlunar Suðurlands, aðildarfyrirtækja og fulltrúa sveitarfélaga á svæðinu, des 2020.

Veikleikar Ríki Vatnajökuls

Veikleikar svæðisins þykja helst felast í erfiðum samgöngum þar sem einbreiðar brýr eru jafnan nefndar. Einnig eru nefndar langar vegalengdir á milli staða, án nokkurra almenningssamgangna. Gera má betur í menningarmálum og þykir miður hve margar sýningar og söfn hafa lokað á undanförunum árum, án þess að ný hafi opnað í staðinn. Þar að auki þykir vera vöntun á fjölskylduvænni afþreyingu sem hvetja barnafjölskyldur til að sækja svæðið heim og dvelja í nokkra daga. Höfn er sérstaklega nefnt sem veikleiki svæðisins, og þá með áherslu á aukna afþreyingu til að styrkja bæinn sem áfangastað.



Orðaský yfir veikleika Ríki Vatnajökuls samkvæmt svörum þátttakenda í opnum fundi um uppfærslu Áfangastaðaáætlunar Suðurlands, aðildarfyrirtækja og fulltrúa sveitarfélaga á svæðinu, des 2020.

Ógnir Ríki Vatnajökuls

Helstu ógnir sem nefndar eru fyrir svæðið tengjast náttúruhamförum, enda er náttúran bæði lifandi og mögnuð í Ríki Vatnajökuls. Eru eldgos, bráðnun jökla og skriðuföll allt ógnir sem steðja að á svæðinu. Aðrir þættir tengjast meðal annars hraðri uppbyggingu atvinnugreinarinnar og má þar nefna skort á vinnuafli, of lágum þröskuldi inn í greinina og þar með skorti á fagmennsku, og hægri stjórnsýslu sem og innviðaupbyggingu. Samráðsferlið átti sér stað í miðjum COVID faraldri og var heimsfaraldur því óhjákvæmilega áberandi ógn í umræðunni.



Orðaský yfir ógnir Ríki Vatnajökuls samkvæmt svörum þátttakenda í opnum fundi um uppfærslu Áfangastaðaáætlunar Suðurlands, aðildarfyrirtækja og fulltrúa sveitarfélaga á svæðinu, des 2020.

Tækifæri Ríki Vatnajökuls

Ljóst er að tækifæri svæðisins eru bæði mikil og mörg, sem benti þátttakan í samráðsferlinu til mikillar bjartsýni í garð svæðisins sem áfangastað ferðamanna. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, umhverfismál og sjálfbærni vógu þungt hjá þátttakendum, enda er náttúran gulleggið í Ríki Vatnajökuls. Fjölmörg tækifæri eru til vörupróunar í afþreyingu sérstaklega, auk þess möguleikar Hafnar sem sjávarþorp við Vatnajökul, til að verða sterkur segull fyrir ferðamenn eru miklir. Svæðið hefur óþrjótandi möguleika í göngu- og hjólaferðamennsku, auk þess sem sagan, náttúran og mannlífið bjóða upp á mikið pláss í menningartengdri ferðamennsku.



Orðaský yfir tækifæri Ríki Vatnajökuls samkvæmt svörum þátttakenda í opnum fundi um uppfærslu Áfangastaðaáætlunar Suðurlands, aðildarfyrirtækja og fulltrúa sveitarfélaga á svæðinu, des 2020.

- Viðreisn eftir Covid-19.
- Byggja upp innviði.
- Auka gæði og þjónustu.
- Nýta tækifæri sem bæta ímynd svæðisins; ímyndarsköpun.
- Aukinn fjölbreytileiki.
- Vera viðbúin að taka á móti auknum fjölda ferðamanna.
- Menntun starfsfólks í greininni.
- Samstarf ferðaþjónustuaðila og Vatnajökulspjóðgarðs.
- Einbreiðar brýr.
- Salernismál.

ÁSKORANIR

- Svæðið státar af fjölbreyttri og magnaðri náttúru sem býður upp á tækifæri í vöruþróun í útivist. Má þar sérstaklega nefna gönguleiðir, utanvegahlaup á ólíku erfiðleikastigi og fjallahjólaleiðir.
- Tækifæri er til að gera betur í safnamálum og byggja þar á sérstöðu svæðisins. Má þar til að mynda nefna sjávarútveg, landbúnað og sambúð manns og jökuls.
- Svæðið er nú þegar eftirsótt vegna metnaðarfullra veitingastaða og gefur það tækifæri til frekari vöruþróunar á mat úr héraði.

TÆKIFÆRI

- Umhverfis, gæða og öryggismál.
- Fjölskylduvænn áfangastaður.
- Lengja dvöl gesta.
- Sérstaða svæðisins, náttúra og menning (saga).
- Skipulag og samstarf á milli mismunandi opinberra hagaðila.
- Hæglætisferðamennska (Slow travel).
- Göngu- hjóla- og reiðleiðir.
- Hrein og óspillt náttúra.
- Leggja áherslu á Lónið.
- Höfn.
- Öræfin.
- Fræðslutengd ferðaþjónusta.

ÁHERSLUR

- Bæta göngu- og hjólaleiðir.
- Hreinleiki og hreinlæti.
- Auka menningartengda upplifum.
- Metnaðarfullar sýningar og söfn.
- Byggja upp net göngu- og hjólaleiða þar sem Jöklaleiðin í gegn um allt sveitarfélagið er hryggjarstykkið.
- Vinna eitt gönguleiðakort fyrir svæðið.
- Skipta út öllum einbreiðum brúm.
- Uppbygging við Jökulsárlón.
- Vöruþróun í utanvegahlaupum.

HUGMYNDIR AÐ AÐGERÐUM